



ÍSAFJARÐARBÆR
byggingarfulltrúi

Umsókn um stöðuleyfi

Gáma, báta, hjólhýsa, torgsöluhúsa eða þess háttar

Umsækjandi

Nafn umsækjanda/eiganda	Kennitala	Heimilisfang	Póstnúmer

Sótt er um stöðuleyfi fyrir

Gáma

Hjólhýsi

Annað

Báta

Torgsöluhús

Lóð og staðsetning (afstöðu- eða grunnmynd sem sýnir staðsetningu og fjölda skal fylgja með)

Heiti/staðsetning	Nr.	Staðgreinir	Starfsemi

Skýring (ástæða umsóknar og annað sem umsækjandi vill koma á framfæri við afgreiðslu málsins)

Leiðbeiningar til umsækjenda

Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar leitast við að uppfylla þarfir einstaklinga og fyrirtækja samhliða því að skapa góða umgengni og ásýnd innan Ísafjarðarbæjar. Reynslan sýnir að aðstæður og þarfir umsækjenda eru mjög misjafnar og mikilvægt að staðsetning þessara hluta ógni ekki öryggi þeirra sem svæðið fara, valdi ekki umhverfinu skaða og skapi sjónmengun.

Almennt um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi, gáma, báta, torgsöluhús og þess háttar:

Stöðuleyfi felst í að staðsetja hjólhýsi, gáma, báta, torgsöluhús og þess háttar á tilteknum stað í tiltekinn tíma þó mest í eitt ár í senn. Heimilt er að óska eftir framlengingu í allt að eitt ár. Umsækjenda ber að boða byggingarfulltrúa til úttektar við staðsetningu og að loknum frágangi. Byggingarfulltrúi getur krafist úrbóta telji hann þess þörf. Kostnaður af úrbótum fellur á umsækjanda/lóðarhafa.

Með vísan í byggingarreglugerð 441/1998 um hjólhýsi, gáma, báta, torgsöluhús og þess háttar

71.1 Óheimilt er að láta hjólhýsi standa til notkunar á sama stað, utan tjaldstæða og skipulagðra hjólhýsasvæða, lengur en einn mánuð án stöðuleyfis byggingarnefndar. Byggingarnefnd getur í sérstökum tilfellum, t.d. vegna byggingarframkvæmda á lóð, veitt tímabundið leyfi fyrir hjólhýsi enda verði það fjarlægð þegar byggingarframkvæmdum er lokið.

71.2 Gámar skulu ekki standa utan skipulagðra gámasvæða eða gámasvæða á lóð. Byggingarnefnd getur í sérstökum tilfellum, svo sem vegna byggingarframkvæmda, þjónustu eða sorpsófnunar, veitt tímabundið leyfi allt að eitt ár í senn.

71.3 Bátar skulu ekki standa utan skipulagðra geymslusvæða fyrir báta lengur en einn mánuð, án stöðuleyfis byggingarnefndar. Byggingarnefnd getur í sérstökum tilfellum veitt tímabundið leyfi allt að eitt ár í senn.

71.4 Torgsöluhús skulu ekki standa utan skipulagðra svæða fyrir torgsöluhús lengur en einn mánuð, án stöðuleyfis byggingarnefndar. Byggingarnefnd getur í sérstökum tilfellum, s.s. vegna hátíðahalda, veitt tímabundið leyfi fyrir torgsöluhúsum.

Aðgerðir til að knýja fram úrbætur

Sinni aðili ekki fyrir mælum byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar innan þess frests sem sveitarstjórn setur getur hún ákveðið dagsektir þar til úr verður bætt samkvæmt vinnuferli byggingarfulltrúa sem samþykktur var í umhverfisnefnd 14. janúar 2009 og í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 22. janúar 2009.